



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

37. tölublað, 4. árgangur, október 2015 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Vissir þú að....

augu strúta eru stærri en heilinn í þeim !

## Stjórn

### foreldrafélagsins

Þann 7. september var kjörin ný stjórn foreldrafélagsins og hana skipa: Arna Stefánsdóttir, Hjördís Jóna Bóasdóttir, Helena Frímansdóttir, Valdís Erla Eiríksdóttir og Erla Höskuldsdóttir.

Óskum þeim til hamingju, með von um gott samstarf.

## Lestur og læsi!

Viltu fræðast um mikilvægi lestrar?

**Kíktu á lesvefinn.**



## Árganganámskrá

Nú er árganganámskrá tilbúin fyrir leik- og grunnskólastig. Vinsamlegast kynnið ykkur innihald hennar á þessum hlekk:

**Árganganámskrá 15-16**



## Kæra skólasamfélag

Þannig týnist tíminn! Segir í texta Bjartmars og tíminn hefur hreinlega flogið áfram eins og hann gjarnan gerir. September var góður, mjög góð vinna hjá flestum nemendum, sund og útikennsla í góðu veðri, unnið með fjölbreyttan efnivið, mjög gott skólaþing um læsi og góður andi almennt í skólanum. Framundan er viðtalsdagur grunnskólastigs, starfsdagur, vetrarfrí og áður en við vitum af þurfum við að brýna skærin fyrir jólaföndrið! Við hins vegar munum eftir því að njóta þess að vera til í dagsins önn og gera okkar besta í leik og starfi. Munið að þið eruð ávallt velkomin í skólann!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Foreldraviðtöl Kötlukots.

Dagana 5.-9. október eru foreldraviðtöl á Kötlukoti. Búið er að senda heim tímasetningar á viðtölin. Mikilvægt er að foreldrar láti vita tímanlega ef þeir komast ekki.

## BINGO sunnudaginn 11. október kl. 16<sup>00</sup>

Starfsfólk skólans er á leið til Brighton í vor í námsferð. Við erum með dálitla fjáröflun fyrir þeim námskeiðum sem okkur langar að fara á og ætlum að blása til haust BINGO sunnudaginn 11. október kl. 16<sup>00</sup> í Félagsheimilinu Árskógi. Spjaldið kostar aðeins 500 kr, sjoppa á staðnum og aldeilis mergjaðir vinningar (enginn posi). Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir!

Það er gaman að spila BINGO, maður vinnur ekki nema spila með!

## Viðtöl, sjálfsmat, matsmöppur

1. október er viðtalsdagur á grunnskólastigi. Hver nemandi með stuðningi foreldra vinnur heima sjálfsmat um eigin frammistöðu sem er svo rædd í viðtalinu með það markmið að gera enn betur. Í lok haustanna 6. nóvember fer heim námsmat í öllum greinum og sýnishorn af verkefnum nemenda í matsmöppu. Vetrarönn hefst 9. nóvember og þá eru einnig smiðjuskripti, í lok vetraranna 10. febrúar er einnig námsmat í formi umsagnar og matsmappa og í kjölfarið hefst vorönn með smiðjuskriptum þann 15. febrúar sem stendur til loka maí.... Þá er sko komið vor! Ef spurningar um námsmat vakna þá endilega hafið samband.

# Viðburðadagatal október 2015

Mánudagur    Þriðjudagur    Miðvikudagur    Fimmtudagur    Föstudagur    **Laugardagur**    **Sunnudagur**

			1 <b>Viðtalsdagur</b> grunnskólastig	2 <b>Skipulagsdagur</b> 	3	4
5  Foreldraviðtöl Kötlukots	6 Fjóla 12 ára  Foreldraviðtöl Kötlukots	7 Davíð 8 ára  Foreldraviðtöl Kötlukots	8  Foreldraviðtöl Kötlukots	9  Foreldraviðtöl Kötlukots	10	11 BINGO kl. 16 <sup>00</sup> í félagsheimilinu. 
12	13	14	15 Aníta 12 ára 	16 Marinó 6 ára 	17	18
19	20	21	22	23 <b>Vetrarfrí</b> <b>Lokað</b> 	24	25
26 7.b skólabúðir <b>Vetrarfrí</b> <b>Lokað</b> 	27 7.b skólabúðir Eypór 7 ára 	28 7.b skólabúðir Náttfata og bangsadagur 	29 7.b skólabúðir	30 7.b skólabúðir	31	